

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (dvalar- og atvinnuleyfi).

(Eftir 2. umræðu, 15. júní.)

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um útlendinga, nr. 80/2016.

###### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „18–26 ára“ í 1. mgr. kemur: 18–31 árs.
- b. 3. mgr. orðast svo:

Dvalarleyfi samkvæmt ákvæði þessu skal að jafnaði að hámarki veitt til eins árs. Heimilt er þó að endurnýja leyfið um allt að eitt ár þegar samningur við ríki heimilar lengri dvöl en til eins árs.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002.

###### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 18. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „26 ára“ í 1. másl. kemur: 31 árs.
- b. 3. másl. orðast svo: Skilyrði er að útlendingnum hafi áður verið veitt dvalarleyfi vegna samnings Íslands við erlent ríki samkvæmt lögum um útlendinga.
- c. 4. másl. orðast svo: Heimilt er að framlengja slík atvinnuleyfi um allt að eitt ár þegar slíkir samningar heimila lengri dvöl en til eins árs.

###### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.